

Stjórnarfundur í Geðhjálp

15.08.19

Mætt: Einar Þór Jónsson, Héðinn Unnsteinsson, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Garðar Sölvi Helgason, Áslaug Inga Kristinsdóttir, Halldór Auðar Svansson, Sigríður Gísladóttir, Ragnheiður H. B. Hafsteinsdóttir, Bergþór Böðvarsson

- Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (SBB).**
Frestað.
- Áskorun til heilbrigðisráðherra vegna skipunar starfshóps um leiðbeiningar um þvingun (HU).**
Lögð fram drög að bréfi til heilbrigðisráðherra. Samþykkt.
- Fulltrúar Geðhjálpar á aðalfundi ÖBÍ, kosning í nefndir ÖBÍ (EPJ).**
Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra um skipun fulltrúa Geðhjálpar á aðalfundi ÖBÍ þann 4. og 5. október nk. Samþykkt.
- Þátttaka Geðhjálpar í Gleðigöngu Hinsegindaga (EPJ).**
EPJ kynnr málið. HAS tekur að sér ábyrgð á þátttökunni.
- Ósk framkvæmdastjóra vegna setu í framkvæmdastjórn BÍ (AGO).**
Lagt til að fráfaramandi framkvæmdastjóri sitji í stjórn Bataskóla Íslands fram að næsta aðalfundi Bataskólans að því gefnu að nýr framkvæmdastjóri fái stöðu áheyrnarfulltrúa. Samþykkt.
- Ráðning nýs framkvæmdastjóra (EPJ, HU).**

AGÓ var vísað af fundi undir þessum lið.

Mat á umsækjendum lagt fram. Tuttugu og sjö sóttu um stöðu framkvæmdastjóra, 6 konur og 21 karl. Sjö uppfylltu ráðningarskilyrði og voru boðaðir í viðtöl. Eftir viðtölin mæla formaður, varaformaður og ráðningarráðgjafi með fjórum umsækjendum. Framundan er að leggja raunhæft verkefni fyrir þessa umsækjendur og munu þeir kynna úrlausn sínar á fundi með stjórn. Óskað hefur verið eftir að fráfaramandi framkvæmdastjóri útbúi verkefnið út frá reynslu sinni af framkvæmdastjórastöðunni og þekkingu á málaflokknum.

- Önnur mál, t.d. styrkumsókn frá Vinaskákkfélaginu.**
Lögð fram styrkumsókn frá Vinaskákkfélaginu vegna tveggja skákmóta sem félagið hyggst halda nú í haust, í tengslum við Klikkaða menningu og Alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn. Samþykkt.

Jafnframt lýsir stjórn yfir áhuga á að móta ramma og viðmið um styrkveitingar Geðhjálpar til framtíðar.

Stjórnarfundur í Geðhjálp 15.08.19

Fundurinn stóð yfir frá 16:17 til 17:50